

FRÉTTATILKYNNING

9. júlí 1999

Yfirtaka Baugs hf. á verslunarkeðjunni 10-11

Á fundi sínum þann 6. júlí sl. tók samkeppnisráð ákvörðun ([nr. 18/1999](#)) vegna yfirtöku Baugs hf. á Vöruveltunni hf., sem rekið hefur 10-11 verslanirnar. Baegur keypti öll hlutabréf í Vöruveltunni þann 21. maí sl. og yfirtók þar með rekstur verslunarkeðjunnar 10-11. Í ákvörðun sinni kemst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að með hliðsjón af túlkun dómstóla á samrunaákvæði samkeppnislaga séu ekki lagalegar forsendur, á grundvelli þess ákvæðis, fyrir íhlutun samkeppnisyfivalda í yfirtöku Baugs á Vöruveltunni.

Óháð þessari niðurstöðu samkeppnisráðs verður áfram unnið að ítarlegri athugun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á matvörumarkaðnum sem hófst fyrir nokkru.

YFIRTAKAN

Baugur, sem rekur verslunarkeðjurnar Hagkaup, Nýkaup, Hraðkaup og Bónus, keypti í lok maí öll hlutabréf í Vöruveltunni. Samkeppnisstofnun tók yfirtökuna til skoðunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga en samkvæmt því ákvæði getur samkeppnisráð ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Skilyrði fyrir ógildingunni er að yfirtakan hafi leitt til markaðsyfírráða þess fyrirtækis sem í hlut á, hún dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði samkeppnislaga.

Niðurstaða samkeppnisráðs í því máli sem hér er fjallað um, Baugsmálinu, byggist að verulegu leyti á dómi Hæstaréttar í máli er varðaði samruna innanlandsflugs Flugleiða og Flugfélags Norðurlands í Flugfélag Íslands hf. Í því máli felldi Hæstiréttur úr gildi þau skilyrði, sem samkeppnisyfírvöld höfðu sett samrunanum, m.a. á þeim grundvelli að markaðshlutdeild Flugfélags Íslands hefði ekki aukist svo verulega við samrunann, að skilyrði væru til að beita samrunaákvæði samkeppnislaga. Í því máli hafði markaðshlutdeild Flugfélagsins aukist úr 85 í 90% við samrunann, eða um 5%. Í ákvörðun samkeppnisráðs í Baugsmálinu kemur fram að markaðshlutdeild verslana Baugs á smásölumarkaði hafi aukist um 7-8% eftir yfirtökuna á Vöruveltunni, úr u.þ.b. 50% í 57-58%. Þá er tekið tillit til þess að félagið seldi tvær Nýkaupsverslanir í tengslum við yfirtökuna til fyrirtækisins Kaupáss, sem rekur Nóatúnsverslanirnar, 11-11, og KÁ.

Að mati samkeppnisráðs leiðir niðurstaða Hæstaréttar í Flugleiðamálinu til verulegrar óvissu um heimildir samkeppnisráðs til íhlutunar í samruna eða yfirtöku þegar fyrirtæki hefur verið markaðsráðandi og það styrkir stöðu sína ekki verulega með

samruna eða yfirtöku. Í ljósi dóms Hæstaréttar telur samkeppnisráð að Baugur hafi ekki styrkt markaðsstöðu sína í þeim mæli að samrunaákvæði samkeppnislaga verði beitt. Er þá litið til þeirra markaðsaðstæðna sem fyrir hendi eru á matvörumarkaðnum annars vegar og flugmarkaðnum innanlands hins vegar. Á matvörumarkaðnum er Baugur með lægri markaðshlutdeild en Flugleiðir voru með í innanlandsflugi, aðgangshindranir eru minni og keppinautar eru þar fleiri en á flugmarkaðnum innanlands. Samkeppnisráð telur því að ekki séu fyrir hendi forsendur til frekari umfjöllunar um yfirtöku Baugs á Vöruveltunni, á grundvelli samrunaákvæðis samkeppnislaga.

Um skeið hefur verið unnið að athugun á matvörumarkaðnum á vegum samkeppnisyfirvalda. Niðurstaða samkeppnisráðs í Baugsmálinu breytir því ekki að sú athugun mun halda áfram. Staða einstakra fyrirtækja á markaðnum hefur þegar verið könnuð og er hún kynnt að hluta í þeirri ákvörðun sem um er fjallað hér að framan. Athugun samkeppnisyfirvalda á matvörumarkaðnum mun ekki síst beinast að samkeppnishegðun fyrirtækja og þeim viðskiptaháttum sem tíðkast á markaðnum, í ljósi þeirrar samþjöppunar sem orðið hefur á síðustu misserum. Athuguninni er ætlað að leiða í ljós hvort samkeppnislegar hindranir eru á markaðnum sem kunna að skaða hagsmuni neytenda. Er þess vænst að athugun samkeppnisyfirvalda ljúki fyrir lok þessa árs.